

REGLUR

um breyting á reglum nr. 109 7. mars 1974, fyrir veðdeild Alþýðubankans h/f um útgáfu á 1. flokki bankavaxtabréfa.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Veðdeild Alþýðubankans h/f gefur út skuldabréf til handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Bankastjórn Alþýðubankans h/f undirskrifar bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglum þessum. Fjárhæð bréfanna skal vera kr. 100 000.00 og skal hvert bankavaxtabréf vera fölusett og bréfin samin eftir þeirri fyrirmynd, sem stjórn Alþýðubankans h/f ákveður.

2. gr.

3. gr. reglnanna orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert. Ársvextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 11.5% og reiknast eftir á af höfuðstól eða eftirstöðvum hans. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirætlum Seðlabanka Íslands frá maí 1973 breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.

3. gr.

Í stað orðsins „bankavaxtabréfunum“ í síðasta málslið 11. gr. reglnanna komi: veðskuldabréfunum.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 330 24. nóvember 1972, fyrir Alþýðubankann h/f, sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breytingu á þeirri reglugerð, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. júlí 1974.

Lúðvík Jósefsson.

Gylfi Knudsen.

17. júlí 1974.

Nr. 235.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tónmenntasjóður kirkjunnar.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá menntamálaráðuneytinu að fjárhæð kr. 10 000.00.

Í sjóðinn renna 20 — tuttugu — af hundraði þeirra gjalda, sem árlega verða innheimt vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kirkjulega tónlist og textagerð við slíka tónlist.

Í því skyni skal verja úr sjóðnum fé til styrktar höfundum fyrir að semja einstök verk að eigin frumkvæði eða eftir pöntun sjóðstjórnar. Eins má veita höfundum styrki úr sjóðnum í viðurkenningarskyni fyrir unnin störf.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

4. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram einu sinni á ári. Úthluta má allri innstæðu sjóðsins eins og hún er á hverjum tíma, þó eigi stofnfé hans kr. 10 000.00.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sjóðstjórnar, sem sér um reikningshald sjóðsins og ávaxtar fé hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 237 6. okt. 1964, sbr. breytingu á þeirri samþykkt,
nr. 248 6. okt. 1969.

1. gr.

Á eftir 3. tölulíð í I. lið 2. greinar samþykktarinnar komi nýr liður, sem verður 4. liður, svo hljóðandi: Lokinhamravegur, af Svalvogavegi að Lokinhörmrum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 80 10. júlí 1973, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.